



Framkvæmdasjóður
Skrúðs

Reykjavík 10.05.2017

Ísafjarðarbær
Gísli H. Halldórsson bæjarstjóri
Stjórnsýsluhúsinu
400 Ísafjörður

Framkvæmdasjóður Skrúðs hefur í aldarfjórðung haft umsjón með rekstri garðsins Skrúðs í Dýrafirði í samráði við Ísafjarðarbæ en að baki liggur samningur milli aðila frá árinu 2002.

Á síðustu tveimur árum hefur ekkert ríkisframlag komið til garðsins (Viðauki nr. 1) og má segja að það hafi með beinum hætti sett rekstur Framkvæmdasjóðs Skrúðs þröngar skorður. Á síðasta ári reyndi Framkvæmdasjóður Skrúðs að ná fram langtíma samningi um stuðning við Skrúd við menntamálaráðuneytið en þær viðræður stóðu yfir allt síðasta ár, m.a. með tveim fundum með ráðherra, en án árangurs.

Á stjórnarfundum þann 24.03.2017 var bókuð eftirfarandi ályktun stjórnar Framkvæmdasjóðs Skrúðs:

6. Gjaldtaka

Í ljósi þeirra aðstæðna sem blasa við og fyrirhugaðra uppbyggingar á aðstöðu- og þjónustu við garðinn er að mati Framkvæmdasjóðs Skrúðs komin upp sú staða að nauðsynlegt er að tekin verði upp gjaldtaka í garðinum á þessu ári. Þetta er nauðsynlegt m.a. vegna þess að lokað hefur verið á opinbert fé frá ríkisvaldinu bæði til uppbyggingar og reksturs. Á síðasta ári kom ekkert framlag frá ríkisvaldinu í rekstur garðsins og er það í fyrsta skipti frá því að garðurinn var endurvígður árið 1996.

Það er því nauðsynlegt að tryggja lágmarks þjónustu og uppbyggingu við Skrúd og ekki neitt í auglýsningu sem gæti tryggt rekstur hans, annað en gjaldtaka við garðinn.

Það er því eindreginn vilji Framkvæmdasjóðs Skrúðs að Ísafjarðarbær heimili gjaldtöku frá og með 17. júní nk. til 30. september 2017. Málið verði svo skoðað í ljósi þeirrar reynslu.

Í ljósi álits stjórnar Framkvæmdasjóðs Skrúðs er óskað eftir því að Ísafjarðarbær heimili gjaldtöku. Fyrirkomulag verði gert í samráði við bæjaryfirvöld en upphæðin sem hefur verið nefnd í þessu sambandi er kr. 300 pr. einstakling. Í tengslum við gjaldtökuna er nauðsynlegt að setja upp upplýsingaskilti og gjaldtökukassa á tveim stöðum, m.a. við bílastæði og í garðinum.

Meðfylgjandi mynd sýnir hugmynd að upplýsingaskilti sem komið væri fyrir við bílastæði (Myndi nr. 1).

Til að bregðast við síaukinni umferð ferðamanna um Skrúð er einnig nauðsynlegt að koma upp bráðabirgðasalernisaðstöðu þar til að varanleg aðstaða á fyrirhuguðum byggingarreit verður komin í gagnið. Það er því jafnframt ósk Framkvæmdasjóðs Skrúðs að Ísafjarðarbær veiti bráðabirgðastöðuleyfi fyrir aðstöðu að þessu tagi sem verður þá leigð tímabundið. Miðað er við sama tíma og gjaldtaka fer fram, frá 17. júní til 30. september.

Með góðum óskum.

F.h. Framkvæmdasjóðs Skrúðs
Brynjólfur Jónsson, form.
Þórunnartúni 6
105 Reykjavík
s. 820-2113

Viðauki nr. 1

Tafla 1			
	Yfirlit úr Ársreikningi Framkvæmdasjóðs Skróðs		
	Styrkir v fjárlaganefndar og ráðuneytis		
	Ár		Þús
	2001		982.490
	2002		250.000
	2003		300.000
	2004		300.000
	2005		300.000
	2006		644.310
	2007		791.948
	2008		3.550.582
	2009		15.783.422
	2010		5.886.323
	2011		1.872.204
	2012		2.847.323
	2013		1.235.052
	2014		1.156.291
	2015		611.029
	2016		Engin framlög
	2017		Engin framlög